

Sauðárkrókur

Staður og leiðarlýsing: Hildarsel, byggður 1990, er í um 340 m.y.s., austan Jökulsár í Austurdal í Skagafirði, 8 km þægilega gönguleið fyrir framan kirkjustaðinn og eyðibýlið Ábæ. Ábæjará og Tinná eru með göngubrúum en annars aðeins smálækir á leiðinni. Fært á fjallareiðhjóli og skemmtileg reidleið. Frá Hildarseli eru um 5 km fram í Fögruhlíð einstaka náttúruperlu með birkiskógi í 350-500 m.y.s. þar sem hestutrén eru um 7 m á hæð. Gömul „kaupstaðar“- og gönguleið liggur um Nýjabæjarfjall að Villingadal í Eyjafirði. Um Varmahlíð veg 752 og 758 að Ábæ eru um 50 km. Ath. Ekki er fært fyrir litla/lága fólksbíla frá Monikubrú að Ábæ.

Meðeigendur FFS eru upprekstrarfélag Akrahrepps og landeigendur og eigendur að hestaaðstöðu.

Aðstaða: 16 manns í kojum 20 á svefnlofti – Gönguskáli – Vatn í læk/krana 50 m frá skála. Raflysing, hesthús og hestahólf 80 m frá skála. Skálinn er ekki læstur.

Staðsetning: N 65°15,330´ V 18°43,910´

© Mapbox (<https://www.mapbox.com/about/maps/>) © OpenStreetMap (<http://www.openstreetmap.org/about/>) © OpenStreetMap contributors (<https://www.openstreetmap.org/copyright>)



MN ★  
12.2°W  
12/10/20

